

sekt, er renni að hálfu í fátækra sjóð Gríms-  
 neshrepps og að hálfu til hreppstjóra þar.  
 Ákærði Guðmundur Einarsson sæti 8 mán-  
 aða betrunarhúsvinnu. Ákærði Guðni Ein-  
 arsson sæti 18 mánaða betrunarhúsvinnu.  
 Um málskostnað í hjerði sje undirrjettar-  
 dómurinn óraskaður. Hinir ákærðu greiði og  
 in solidum allan áfrýjunarkostnað málsins,  
 þar með talin málfutningslaun til sækjanda  
 og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Hann-  
 esar Thorsteinson og yfirrjettarmálaærslu-  
 manns Gísla Ísleifssonar, 12 kr. til hvors.  
 Sektin greiðist innan 8 vikna frá löglegri  
 birtingu dóms þessa, og skal honum að öðru  
 leyti fullnægt með aðför að lögum.

Nr. 35/1896:

Skapti Jósefsson  
 gegn

Þórarni Guðmundssyni.

#### Dómur:

Hinn 22. júlí f. á. ljet hinn stefndi verzlun-  
 arstjóri Þórarinn Guðmundsson á Seyðisfirði stefnu-  
 vottana birta áfrýjandanum Skapta ritstjóra Jó-  
 sepssyni á Seyðisfirði skjal dags. 16. s. m. þess  
 efnis, að áfrýjandinn hefði fyrir vangreiðslu á  
 leigu eptir hús það á Seyðisfirði, er hann hafði i-  
 búð og prentsmíðu í og sem stefndi átti, svo  
 kallað RekDAHshús, fyrirgjört öllum rjetti til að  
 vera lengur í húsi þessu, og krafðist stefndi því

Þess í skjalinu, að áfrýjandinn yrði fluttur úr húsinu með allt sitt fyrir 1. ágúst næstan eptir. Áfrýjandi sinnti eigi uppsögn þessari eða útbyggingu, heldur sat áfram í húsinu, en 27. s. m. ljét hann bjóða stefnda leiguna, er vangoldin var, 125 kr., eða 5 mánaða leigu, og var hún látin til geymslu á skrifstofu bæjarfógetans, af því að stefndi vildi eigi taka við henni. Krafðist stefndi síðan hinn 4. ágústm., að áfrýjandi væri borinn út úr húsinu af fógeta og úrskurðaði fógetinn hinn 6. s. m. gegn mótmælum áfrýjanda, að útburðargjörðin skyldi fram fara, og flutti áfrýjandi þá úr húsinu, en geymdi sjer jafnframt rjett til að áfrýja úrskurðinum og krefjast skadabóta.

Hefur áfrýjandinn nú með stefnu dags. 27. okt. f. á., skotið þessum úrskurði til yfircómsins og krafizt þess að úrskurðurinn og útburðargjörðin verði dæmd ómerk og úr gildi felld og að stefndi verði dæmdur til að greiða sjer í skadabætur 2070 kr. 50 a., eptir reikningi, er hann lagði fram í yfirdóminum, og skadabætur að öðru leyti eptir óvilhallra manna mati, eða að allar skadabætur verði sjer dæmdar eptir óvilhallra manna mati; svo hefur hann og krafizt málskostnaðar fyrir báðum rjettum að skadlausu eða eptir rjettarins mati. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að úrskurðurinn og útburðargjörðin verði stadfest og áfrýjandinn dæmdur til að greiða allan málskostnað eptir mati rjettarins.

Áfrýjandinn hefur búið og haft prentsmiðju og bladaútgáfu í fyrnefndu svokölluðu Rekdahls-

húsi, eign stefnda, síðan 14. júlí 1891, og var annar maður ábyrgðarmaður fyrir húsaleigunni gagnvart stefnda fyrstu 2 árin, eða til 14. júlí 1893. Var leigan greidd í einu lagi þessi 2 ár (að minnsta kosti síðara árið) eptir lok leiguársins, eða síðast í júlímánudi, en frá 14. júlí 1893, er áfrýjandinn hafði húsið á leigu ábyrgðarmannslaust, var það reglan, eptir því sem framlagðar kvittanir sýna, að leigan væri greidd mánaðarlega, þó að hún safnaðist stundum fyrir og væri þá greidd fyrir fleiri mánudi í einu.

Áfrýjandinn hefur nú haldið því fram, að hann hafi verið ólögum beittur, er hann var rekinn úr húsinu, þar sem hann hafi haft húsið til leigu fyrir heilt ár í senn (árið talið frá 14. júlí til jafnlengdar næsta ár) og sá samningur verið endurnýjaður þegjandi milli málsparta, eins þetta ár (1896) eins og undanfarin ár, og hafi hann því, þegar útvísunin átti sjer stað, þegar verið búinn að öðlast leigurjett til hússins til 14. júlí 1897; svo hafi hann og eigi heldur gjörzt sekur í vangreiðslu á leigu, því að svo hafi verið um samið að ársleigan væri rjett goldin, ef hún gyldist innan júlímánaðarloka, og hefði enginn brestur á því orðið í þetta sinn. Hinn stefndi hefur aptur á móti haldið því fram, að húsið hafi verið leigt að eins til mánaðar í einu og gegn leigu mánaðarlega, og þar sem áfrýjandi hinn 16. júlí 1896, er uppsögnin átti sjer stað, hafi átt ógreidda leigu fyrir 5 mánudi, hafi hann með því fyrirgjört leigurjetti sínum að húsinu. Þegar svara skal spurn-

ingunni um leigutímann á húsinu, hvort það hafi verið leigt áfrýjanda fyrir eitt ár í senn eða að eins mánaðarlega, verður eigi byggt á neinum skriflegum leigusamningi milli málpartanna, því að slíkur samningur hefur aldrei verið gjörður, en þegar litið er til þess, að það er upplýst í málinu, að húsið var leigt árlangt fyrstu 2 árin, sem áfrýjandi bjó í því, og að þetta má teljast hinn almenni leigumáli á heilum húsum, svo og þegar athugað er, hve óhagkvæmur og þess vegna ósennilegur styttri leigutími hlaut að vera fyrir áfrýjanda vegna kostnaðarsams flutnings á prentsmiðjuáhöldum o. fl., þá virðist rjett að ganga út frá því, sem áfrýjandi vill halda fram, að húsið hafi verið leigt honum fyrir ár í senn, og hafi hann því, þar sem honum eigi hafði verið sagt upp húsinu tímanlega fyrir leiguársins byrjun (14. júlí 1896), átt leigurjett á því til 14. júlí 1897, að svo miklu leyti hann eigi hefði brotið hann af sjer með samningsrofi af sinni hálfu, en þessu vill stefndi halda fram. Hvað leiguborganir snertir, virðist enginn vafi á því vera eptir kvittunum þeim fyrir leigugreiðsluna, er fram hafa komið í málinu, að áfrýjandi átti að greiða leiguna mánaðarlega, enda er slíkt altítt og hið venjulega, þótt leigutíminn sje lengri. Eins og fyrr er tekið fram, átti áfrýjandi 14. júlí 1896 ógreidda leigu eptir húsið fyrir síðustu 5 mánuðina, eða samtals 125 kr., sem hann fyrst greiddi 27. s. m., eptir að honum 5 dögum áður hafði verið birt uppsögn á leigunni. Að vísu var nú slík greiðsla eigi sam-

kvæm því, sem álízt hafa verið um samið milli málsparta, nefnilega að leigan skyldi greidd mán-  
aðarlega, en þess ber að gæta, að, eins og áfrýj-  
andi hefur bent á, átti það sjer þráfaldlega stað  
þessi ár, sem áfrýjandi leigði húsið af stefnda,  
1894—96, að leigan væri eigi greidd á rjettum  
tíma og var drátturinn á leiguborguninni stund-  
um jafnvel meiri en átti sjer stað í þetta skipti,  
sem nú er um að ræða, og er þó ekkert komið  
fram í málinu um það, að stefndi hafi eigi látið  
sjer það lynda, að áfrýjandi hagaði greiðslunni  
þannig. En með tilliti til þeirrar venju, er þann-  
ig óátalið virðist hafa verið á komin um greiðslu  
húsaleigunnar, verður eigi álitíð að stefndi hafi  
haft rjett til að skoða dráttinn, sem mál þetta or-  
sakaðist af, sem slíkt sammingsrof af áfrýjanda, er  
byggð yrdi á burtvísun úr húsinu uppsagnarlaust  
og síðan útburður af fógeta. Það verður því að  
fella úr gildi hinn áfrýjanda fógetaúrskurð og út-  
burðargjörð og dæma stefnda til að greiða áfrýj-  
anda bætur fyrir tjón það, er hann hefur beðið  
við hinn ólöglega útburð, og álitur rjetturinn þær  
eptir málavöxtum hæfilega ákveðnar 1000 kr.  
Stefnda ber og að greiða áfrýjanda málskostnað  
fyrir báðum rjettum með 50 krónum.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjandi fógetaúrskurður og útburð-  
argjörð eiga ógild að vera. Stefndi verzlun-  
arstjóri Þórarinn Guðmundsson greiði áfrýj-  
andanum Skapta ritstjóra Jósepsyni í skaða-

bætur 1000 kr. — eitt þúsund krónur — og í málskostnað greiði hann honum 50 — fimmtíu — krónur. Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans að viðlagri lagaaðför.

Nr. 36/1896:

Arnþjótur prestur Ólafsson  
gegn  
Björgúlfi Brynjúlfssyni.

D ó m u r:

Með dómi gestarjettar Þingeyjarsýslu, uppkveðnum 10. júní 1895, var áfrýjandinn Arnþjótur prestur Ólafsson á Saudanesi dæmdur til þess að greiða stefnda Björgúlfi Brynjúlfssyni á Vopnafirði 36 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi 21. apríl 1893, unz borgun skeður, svo og kostnað þann allan, sem löglega leiðir af máli þessu. Dómi þessum hefur Arnþjótur prestur Ólafsson skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 27. okt. f. á. og hefur hann fengið uppreistarleyfi til áfrýjunar út gefið 6. okt. f. á. Fyrir yfirdóminum hefur hann gjört þær rjettarkröfur, aðallega, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, og til vara, að hann verði að eins dæmdur til að greiða Björgúlfi Brynjúlfssyni 18 kr., en verði að öðru leyti sýknaður. Svo hefur áfrýjandi krafizt þess, að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum rjettum, hvernig sem málið fer. — Hinn stefndi hefur eigi mætt sjálfur nje látið mæta fyr-